

hvern rúmmetra húss og er það miðað við byggingarvísitölu 217 stig, en heimilt er hreppsnefnd að hækka það eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölunni.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá og nemur hann árlega sem næst 0.15% (0.15 af hundraði) fasteignamats. Þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar. Vatnsskattur skal ekki vera lægri en kr. 750 árlega.

3. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir auk vatnsskatts:

- a. Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar kr. 65 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
- b. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldneftissölur, skal greiða kr. 30.000 á ári fyrir vatnsnotin.
- c. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald sem hér segir: Á hverja slátraða sauðkind skal greiða kr. 13, á kálf yngri en 6 mánaða kr. 65 en á hvern stórgrip eða alisvín kr. 100.
- d. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 165 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- e. Vatnsnot af mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 165 á hverja eitt þúsund lítra af innveginni mjólk.
- f. Greiðsla fyrir önnur þau vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein, skal fara eftir ákvörðun hreppsnefndar.
- g. Fyrir hverja smálest selda samkvæmt mæli kr. 20.
Gjöld samkvæmt grein þessari skulu hækka í samræmi við hækkun byggingarvísitölu, sem er 240 stig 1. október 1978.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blöndu-óshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Einstefnuakstur verður á húsagötu Háaleitisbrautar frá húsinu nr. 14—18 í suðaustur að húsinu nr. 32—36 þar sem akbrautin mjókkar vegna gangbrautar. Að öðru leyti verður tvístefnuakstur á húsagötunni.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. janúar n.k. og fellur þá jafnframt úr gildi 1. töluliður auglýsingar um umferð í Reykjavík frá 2. janúar 1978.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. janúar 1979.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði:

- a. Á **Lækjarkinn** er einstefna frá suðri til norðurs.
- b. Umferð um **Lækjargötu** nýtur forgangs fyrir umferð um Lækjarkinn (biðskylda.)
- c. Umferð um **Arnarhraun** nýtur forgangs fyrir umferð vestur Tjarnarbraut (biðskylda.)
- d. Umferð um **Hraunbrún** nýtur forgangs fyrir umferð um Hraunvang (biðskylda.)

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 8. janúar 1979.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um heimilishjálpar á Selfossi.

1. gr.

Félagsmálaráð Selfoss fer með stjórn heimilishjálpar á Selfossi í umboði bæjarstjórnar.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálpar á heimilum þegar sannað er með vottorði lækni, ljósmóður eða á annan hátt er félagsmálaráð eða félagsmálastjóri metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks nægjanlega margt starfslið til heimilishjálpar. Félagsmálastjóra ber að ganga örugglega úr skugga um að starfslið það sem heimilishjálpar stundar á vegum stofnunarinnar sé hæft til